Fréttatilkynning
06 December 2023 09:00:00 GMT

# Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum

**Vísað er til tilkynningar Arion banka sem birt var 17. nóvember og 4. desember 2023 um útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum.**

Arion banki verður með lokað útboð á nýjum verðtryggðum flokki almennra skuldabréfa (e. senior preferred) í dag.

Skuldabréfin bera fasta verðtryggða 4,35% vexti með vaxtagreiðslum tvisvar á ári. Lokagjalddagi er 15. desember 2028.
Þau verða seld á genginu 100 sem samsvarar 4,40% ávöxtunarkröfu.

Uppgjör og skráning á Nasdaq Iceland verður þann 15. desember nk.

Útgáfan verður gefin út undir 3,0 milljarða evra Euro Medium Term Notes (EMTN) útgáfuramma bankans. Grunnlýsingu EMTN rammans má nálgast hér.

Arion banki áskilur sér rétt til þess að samþykkja öll tilboð, hafna öllum tilboðum eða taka tilboðum að hluta.

Markaðsviðskipti Arion banka hafa umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl. 16:00 í dag.

**Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:**

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760, eða Eiríks Dórs Jónssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jonsson@arionbanki.is, s. 856 7171

**Viðhengi**

Arion banki hf.: Útboð á almennum skuldabréfum í íslenskum krónum